

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprilmánuði og októbermánuði, veitir Vörubifreiðastjórafélag Strandasýslu viðtöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruf lutninga. Skal þá, er fjöldi leigubifreiða innan félagsins er kominn niður fyrir töluna 20, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Ennfremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru í eign einstakra fyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 15. maí 1979.

Ragnar Arnalds.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 554/1975
frá 1. október 1975 um iðnfræðslu.**

1. gr.

57. grein orðist svo:

Við prófið skal gefa einkunnir í heilum tölum frá 1 til 10 — eða í bókstöfum samkvæmt einkunnarkerfi Flensborgarskóla í Hafnarfirði, fjölbrautaskóla. Þó skal ætíð gefa fyrir teikningu í tölum. Skal sérstök einkunn gefin fyrir hvern lið sem nefndur er í 53. grein. Þar sem gefið er í tölum skal reikna út meðaltal einkunna sem telst aðaleinkunn prófsins. Ekki má láta neinn fá sveinsbréf sem fær minna en 5 í aðaleinkunn, verklegu prófi né teikningu eða minna en 3 í nokkurri prófgrein.

Einkunnin 9 og þar yfir telst ágætiseinkunn, 7.3—8.9 I. einkunn, 6.0—7.2 telst II. einkunn og 5.0—5.9 telst III. einkunn. Þar sem gefið er í bókstöfum skal ekki skylt að reikna út aðaleinkunn, en ekki má láta neinn fá sveinsbréf sem hlýtur lægri einkunn en C í einhverjum prófþætti.

2. gr.

101. grein orðist svo:

Próf í bóknámsgreinum skulu að jafnaði vera skrifleg. Í erlendum málum skulu þau bæði vera skrifleg og munnleg. Einkunn skal gefa í heilum tölum frá 1 til 10 eða í bókstöfum samkvæmt einkunnarkerfi fjölbrautaskóla. Til þess að standast próf í almennum námsgreinum þarf einkunnina 4 eða C hið lægsta, en í teikningum, verknámi og sérgreinum 5 eða C hið lægsta.

Í skólum þar sem gefið er í tölustöfum skal reikna út aðaleinkunn með einum aukastaf og skal hún vera 5.0 hið lægsta.

Aðaleinkunn skal reikna út eftir hlutfalli kennslustundafjölda í kennslugreinum. Kennarar skólans skulu gefa nemendum einkunnir í lok hvers áfanga, hver í sinni grein. Nefnast þær áfangaeinkunnir og eru dómur um kunnáttu nemanda, framfarir og afköst.

Ráðuneytið setur reglur um ástundun og þar tilheyrandi einkunnagjöf.

3. gr.

Heimilt er að fjölbrautaskóli gegni sama hlutverki og iðnskóli samkvæmt reglugerð þessari hafi menntamálaráðuneytið heimilað honum að annast iðnfræðslu.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 68 11. maí 1966 með síðari breytingum um iðnfræðslu og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu 16. maí 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

1. gr.

Slysavarnafélag Íslands fer með yfirstjórn tilkynningarskyldu íslenskra skipa og rekstur eftirlitsmiðstöðvar í Reykjavík, hvoru tveggja í umboði og ábyrgð samgönguráðherra.

2. gr.

Tilkynna skal för sérhvers íslensks skips, sem búið er talstöð, úr höfn, svo og komu þess til hafnar.

Sé skip utan hafnar skal greint frá staðsetningu þess, svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni á sólarhring. Eftirlitsmiðstöð tekur í samráði við Póst- og símamálastofnunina ákvörðun um hvenær og hve oft senda skuli slíkar tilkynningar.

Varðskip eru undanþegin ákvæðum reglugerðar þessarar.

Um skip og báta, sem eigi eru búnir talstöðvum gilda sérstakar reglur.

3. gr.

Hafsvæðinu í kringum landið skal skipt í sérstaka tilkynningarreiti og þeir markaðir á kort. Ákvörðun um stærð reitanna, svo og útgáfu og dreifing slíkra reitakorta er í höndum eftirlitsmiðstöðvar. Umrædd kort verða afhent án endurgjalds.

4. gr.

Tilkynningum samkvæmt 2. gr. skal komið til næstu strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunar beint eða um aðra sjófarstöð ef beint samband næst ekki.

Efni tilkynninganna skal vera sem hér segir:

Við brottför: Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, brottfararstaður, tími og fyrirhuguð sigling.

Után hafnar: Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, reitnúmer, stefna og tími. Sé reitakort ekki fyrir hendi skal gefa staðarákvörðun í breidd og lengd.